

Skipulagsstofnun  
Páll J. Líndal  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

UST

Umhverfisstofnun

Erlaðið umhverfisstofnunin umhverfisstofnun.is

Sæti: Þinghúsauður 24  
101-103 Reykjavík, Iceland

T: +354) 591 2000  
Fax: (+354) 591 2015

umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

22. ágúst 2003

Tilvísun: UST20030800085/óá

### Snjóflóðavarnir við Tröllagil, Norðfirði. Tillaga að matsáætlun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 14. ágúst sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun í samræmi við 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 15. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin telur að komið hafi verið til móts við flestar athugasemdir stofnunarinnar, dags. 8. ágúst sl., við drög að ofangreindri tillögu. Umhverfisstofnun ítrekar þó eftirfarandi athugasemdir.

#### *Gróðurfar og dýralíf*

Í drögum að matsáætlun kemur fram að gerð verði grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á dýralíf og gróðurfar á svæðinu. Notuð verði fyrirliggjandi gögn og þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á svæðinu uppfærðar. Fram kemur að rannsóknir á þessum þáttum fari fram (hafi farið fram) sumarið 2003.


Umhverfisstofnun telur að enn vanti upp á að fyllilega sé gerð grein fyrir gögnum og aðferðum við ofangreindar rannsóknir í samræmi við tl. 3c í 13. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

#### *Efnistaka*

Í drögum að matsáætlun kemur fram að efni í framkvæmdina verði fengið innan framkvæmdasvæðisins, en heildarefnispörf í garða og keilur er áætluð 565.000 m<sup>3</sup>. Jafnframt kemur fram að gerð verði nánari grein fyrir fyrirhugaðri efnistöku, þ.e. efnismagni, staðsetningu og verklagi við efnistökuna. Ennfremur kemur fram að efnistakan sé háð 45. til 49. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þ.e. VI kafla ofangreindra laga.

Í ljósi áætlaðs umfangs efnistöku telur Umhverfisstofnun mikilvægt að gerð verði ítarleg grein fyrir staðarvali efnistökunnar, m.t.t. til áhrifa á náttúrufar, jarðmyndanir og sjónræna þætti. Jafnframt telur stofnunin að sérstaklega skuli gerð grein fyrir áætlunum um frágang að framkvæmdum loknum. Ennfremur bendir stofnunin á að í VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, sem fjallar um efnistöku, kemur fram að leita skuli umsagnar Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi náttúruverndarnefnda áður en veitt er starfsleyfi fyrir efnistöku.

Virðingarfyllst,



Ólafur Arnason



Helgi Jensson